



## Í SAGNAHEIMI HVERS VIRÐI ER HINN ÞJÓÐLEGI ARFUR FYRIR BÖRNIN OKKAR?

RÁÐSTEFNA Á BIFRÖST  
29. JÚNÍ – 3. JÚLÍ 2005

Viðfangsefni ráðstefnunnar er að skoða hvernig við nýtum þann gnægtarbrunn sem norrænn menningararfur er og hvernig hann getur orðið aflvaki nútíma menningar í skólum.

Á ráðstefnunni verður fjallað um:

- norrænar fornbókmenntir, goðsögur, þjóðsögur og ævintýri, og hvernig þær nýtast í skólahaldi, hvaða áhrif þær hafa á börn, hvernig þeim er komið á framfæri,
- stöðu og hlutverk skólasafna sem miðstöð þekkingar í skólum.

Fyrirlesarar eru:

**Frá Íslandi:** Kristín Unnsteinsdóttir, Sölvi Sveinsson, Torfi Hjartarson, Þorvaldur Þorsteinsson, Þuríður Jóhannsdóttir, Þórarinn Eldjárn, Brynhildur Þórarinsdóttir, Jóhanna Karlsdóttir.

**Frá Danmörku:** Bent Rasmussen, Jens Kostrup, Gert Larsen.

**Frá Færeyjum:** Regin Debess.

**Frá Grænlandi:** Laannguaq Lynge.

Félag skólasafnskennara sér um framkvæmd ráðstefnunnar, en félagið er aðili að norrænum samtökum skólasafnskennara og hefur staðið að ráðstefnum sem NSF – Nordisk skolebibliotekar-forening hefur haldið, þar af í tvígang hér á landi, árið 1982 og 1993.

Mögulegt verður að sækja einstaka fyrirlestra eða dvelja einn dag. Verð miðast þá við það.

Verð fyrir alla ráðstefnuna er enn nokkuð hátt, en von er til að styrkir fáist og þá mun uppgengið verð lækka.

Allar nánari upplýsingar er að finna á <http://n-s-f.ismennt.is>